



Alþingi
Erindi nr. P 135/2691
komudagur 14.5.2008

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 13. maí 2008

Tilvísun: 2008040219

50.03


Tilvísun yðar: þskj. 537-329. mál

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Embætti ríkislögreglustjóra vísar til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 17. apríl sl., þar sem farið er fram á umsögn um þingsályktunartillögu um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði, 329. mál.

Ríkislögreglustjóri gerir ekki athugasemd við tillöguna.

F.h. RLS


Guðmundur Guðjónsson / Thelma Cl. Þórðardóttir

*Alþingi**Erindi nr. P 135 / 2854**komudagur 16.5.2008*

Alþingi
Nefndarsvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. maí 2008
Tilvísun: 200804-0041

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði, 329. mál.

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að stjórnvöld aðstoði sveitarfélögin Langesbyggð og Vopnafjarðarhrepp við að kanna þörf á starfrækslu þjónustumiðstöðvar sem gæti annast alla helstu þjónustu hérlendis við skip sem leita olíu á Drekasvæði.

Alþýðusamband Íslands mælir með því að tillagan sem hér er til umsagnar verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Stefán Úlfarsson

Hagdeild ASÍ

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2522
komudagur 6.5.2008

Akureyri, 8. Maí. 2008

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík


Efni: Þskj. ~~14-14~~ Mál. 329

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði.

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar fagnar þessari tillögu um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæðinu. Slíkar framkvæmdir munu hafa jákvæð áhrif með tilliti til atvinnu á svæðinu, fjölbreyttara atvinnulíf er jákvætt fyrir svæðið.

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar gerir athugasemd um að löggæslu, neyðar og björgunarstarfsemi mætti efla og styrja á Akureyri sem þá gæti annast Drekasvæðið. Akureyri er miðstöð Norðurslóðarannsókna og alþjóðlegs samstarfs því tengdu á Íslandi. Mikil þekking og reynsla er á þessu sviði á Akureyri og er það okkar skoðun að styrkja eigi hana enn frekar svo hún geti nýst öllu Norðurlandi, þar á meðal Drekasvæðinu ef óhöpp verða.

F.h. Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar



Magnús Þór Ásgeirsson
Framkvæmdastjóri

Umsögn Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga vegna tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð fyrir olíuleit á Drekasvæði.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga lýsir ánægju með umrædda þingsályktunartillögu. Iðnaðarráðuneytið hefur þegar hafið vinnu við úttekt á atriðum sem varða mikilvægar forsendur fyrir slíkri þjónustumiðstöð fyrir olíuleit á Drekasvæði.

Sveitarfélögin Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppi hafa stofnað fyrirtækið Drekasvæðið ehf og ráðið verkefnastjóra sem sinnir þessu verkefni sérstaklega af hálfu sveitarfélaganna samkvæmt sérstökum samningi sem sveitarfélögin (Drekasvæðið ehf) hafa gert við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga Húsavík og Þróunarstofu Austurlands um þetta verkefni. Aðsetur verkefnisstjóra "Drekaverkefni" er á skrifstofu Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga Húsavík.


Bent er hér á mikilvæg atriði úr skýrslu Iðnaðarráðuneytis um olíuleit á Drekasvæði (mars 2007) sem varða þjónustuhöfn fyrir olíuleit og olíuvinnslu:

2.4.1. *"Við boranir er þörf á ýmsum rekstrarvörum svo sem borstöngum, fódurrörum, sementi, íblöndunarefnum fyrir bortrefju, eldsneyti, vistum, og varahlutum, og síðast en ekki síst vinnuafli. Gera má ráð fyrir 60-80 starfsmönnum við hvert borskip – eða borpall sem vinna á vöktum og fara í lengri eða skemmri frí í landi. Hæfilegar birgðir af rekstrarvörum þurfa að vera fyrir hendi í þjónustumiðstöð sem staðsett er í nánd við hæfilega stóra eða örugga höfn. Þar yrði sömuleiðis geymdur hluti mengunarvarnabúnaðar vegna olíuslysa....."*

2.4.2. *"Birgðaskip sem siglir frá þjónustumiðstöð kemur að borskipi eða borpalli að jafnaði annan hvern dag"..... ---- "Á stigi rannsóknarborana bætist við rekstur þjónustumiðstöðvar í landi, siglingar og þyrluflug með birgðir og mannskap og borun frá skipi eða palli sem marar að stórum hluta í kaf. Af þessu leiðir að breytingar verða á efnahagslífi og byggðapróun og gera þarf viðeigandi varúðarráðstafanir vegna frárennslis af ýmsu tagi frá starfseminni (borvökvi/trefja hibýli, kælivatn véla, vatn úr borholu, eða vegna röskunar á botni. Jafnframt þarf að meta og minnka slyshættu en einnig að mæta henni ef svo ólíklega vildi til aðborhola yrði stjórnlaus, eða hráolía og/eða brennsluolía rynni frá 'skipi eða borpalli'".*

Sú þingsályktunartillaga sem hér liggur fyrir er þýðingamikið innlegg í þetta mál. Lögð er áhersla á að stjórnvöld geri ávallt kröfur um að fyllsta öryggis verði gætt við fyrirhugaðar olíuleit. Í því sambandi er mikilvægt að velja stysta leið í land að þjónustumiðstöð frá fyrirhuguðu leitarsvæði – sem aftur skapar ávallt stysta mögulega viðbragðstíma í hugsanlegum neyðartilfellum varðandi mengunarhættu og hámarkar öryggi stafsmanna ef það kynni að skapast hættuástand við áformaða olíuleit á Drekasvæði.

Þjónustumiðstöð fyrir olíuleit á Drekasvæði getur skapað ný atvinnutækifæri haft þannig jákvæð áhrif á byggðapróun. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga leggur áherslu á að stjórnvöld styðji þau sveitarfélög sem hér um ræðir fjárhagslega þannig að þau hafi bolmagn til að sinna ýmsum frekari undirbúningi og nánara skipulagi að mótun þessa mikilvæga verkefnis í góðu samræmi og við stefnu stjórnvalda. Mikilvægt er að þjónustuhöfn fyrir olíuleit standist allar strangar öryggiskröfur svo unnt sé að lágmarka líkur á slysum eða mengunaráhöppum.



Dagsetning 7. maí 2008

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olfuleit á Drekasvæði, 329. mál.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif frumvarpsins á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun styður að sveitarfélögin verði aðstoðuð við þá könnun sem tillagan fjallar um. Stofnunin telur að hér geti verið á ferðinni mjög brýnt verkefni sem muni styrkja byggð á þessu svæði sem hefur átt mjög í vök að verjast undanfarna áratugi. Ef olía finnst á svæðinu eru án efa gjörbreyttar aðstæður fyrir búsetu á þessu svæði.

Virðingarfyllt



Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði
Byggðastofnunar.

Alþingi
Erindi nr. P 135/2690
komudagur 14.5.2008

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 464-9933; kt. 561192-2199; Netfang eything@eything.is


Akureyri 13. maí 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá iðnaðarnefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við oliuleit á Drekasvæði, 329. mál.** Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings mælir með samþykkt tillögunnar.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónsson
framkv.stjóri

Fjórðungssamband Vestfirðinga

Alþingi, Iðnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 135/2595
komudagur 8.5.2008

Ísafirði 8. maí 2008

Umsögn til Alþingis frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Iðnaðarnefnd Alþingis, 17. apríl 2008. Ósk um umsögn um þingsályktunartillögu um undirbúning þjónustumiðstöðvar vegna olíuleitar á Drekasvæði. Þingskjal 537 – 329. mál.

Í markmiðum er tillögunnar tilgreint að ríkisstjórninni verði falið að aðstoða sveitarfélögin Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppa við að undirbúa og kanna þörf á þjónustumiðstöð vegna skipa sem kæmi til með að leita olíu á Drekasvæði. Finnist olía og eða gas, þá nýtist aðstaðan til þjónustu við svæðið.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga styður við þessa þingsályktunartillögu enda lýsir hún vilja Alþingis að stjórnvöld geri þeim landssvæðum sem búa og hafa búið við samdrátt og einhæfni atvinnulífs að skoða alla mögulega í atvinnumálum og byggja á staðarkostum þeirra. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur einnig að stuðningur við tillögunna gefi einnig til kynna vilja Alþingis til úrvinnslu afurða úr hráolíu og eða gasi hér á landi.


Ákaflega mikilvægt er einnig að stjórnvöld hefjist nú þegar handa við að undirbúa þjónustumiðstöð á Vestfjörðum fyrir þjónustu við Austur-Grænland og reyndar Grænland í heild sinni. Alþingi fól ríkisstjórninni með þingsályktun vorið 2007 að gera úttekt á möguleikum slíkrar miðstöðvar.

133. löggjafarþing 2006–2007.

Þskj. 825 — 553. mál. *Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera úttekt á möguleikum þess að efla norðanverða Vestfirði sem miðstöð þjónustu við vaxandi fiskveiðar við Austur-Grænland og skoða sérstaklega þann kost að þjónustumiðstöð og umskipunarhöfn fyrir siglingar í Norðurhöfum verði á Vestfjörðum. Háft verði náð samráð við heimamenn við gerð úttektarinnar.*

Spár um gífurleg umsvif á og við stendur Grænlands vegna náma- og olíuvinnslu, með hliðsjón af staðsetning Vestfjarða í miðju þess svæðis sem heimsviðskiptin horfa nú til, eru hvatning til þess að Ísland sýni mikið frumkvæði í þessum efnum. Miklir möguleikar eru einnig á sviði ferðaþjónustu í þessu sambandi.

Fjórðungssamband Vestfirðinga


Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. 6 135/2560
komudagur 7.S. 2008
Reykjavík 5. maí 2008

Alþingi iðnaðarnefnd
b.t. Eiríks Áka Eggertssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


0804044HA BLB
Tilv.: 613

Efni: Umsögn um undirbúning að þjónustmiðstöð við olíuleit á Drekasvæði

Hafnasamband Íslands hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði, 329. mál.

Ekki er gerð athugasemd við þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Birgir L. Blöndal

Alþingi
Erindi nr. P 135/2641
komudagur 13.5.2008

Iðnaðarnefnd Alþingis
Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 07. maí 2008
2008040013/42-1-3
sb/gg


Umsögn um þingsályktunartillögu um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði

Vísað er til bréfs Iðnaðarnefndar Alþingis dags. 17. apríl sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um ofangreint mál.

Tilfni þingsályktunartillögunnar er að í undirbúningi er hjá iðnaðarráðuneytinu að bjóða út olíuleit á Drekasvæði haustið 2008 og að gera má ráð fyrir að olíuleit hefjist þar árið 2009. Sveitarfélögin Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur hafa ákveðið að stofna sameiginlegt fyrirtæki sem á að kanna hvort innanverður Bakkaflói henti undir þjónustuhöfn í þessu skyni.

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir með samþykkt tillögunnar að því tilskildu að til ~~þess~~ viðbótar við rannsóknir sem beinast að hafnarmannvirkjunum sem slíkum og þarfagreiningu þjónustumiðstöðvarinnar verði ráðist í náttúruvarsúttekt á Bakkaflóasvæðinu en engin heildarúttekt hefur farið fram á lífríki þess, t.d. með tilliti til dreifingar fugla. Langanesbjörgin við utanverðan Bakkaflóa og Viðvíkurbjörg á Digranesi hýsa umtalsverðar sjófuglabyggðir og í Miðfirði er eitt þéttasta æðarvarp landsins.

Virðingarfyllt


Guðmundur Guðmundsson
Staðgengill forstjóra



Alþingi
Erindi nr. P 135/2410
komudagur 28.4.2008



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Iðnaðarnefnd Alþingis
Eiríkur Áki Eggertsson
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. apríl 2008
Tilvísun: 2008040022
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði.


Orkustofnun hefur borist erindi iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 17. apríl 2008, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði, 329. mál.


Lagt er til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að aðstoða sveitarfélögin Langanesbyggð og Vopnafjarðarhrepp við að undirbúa og kanna þörf á starfrækslu þjónustumiðstöðvar sem gæti annast alla helstu þjónustu hérlendis við skip sem leita að olíu á Drekasvæði.

Orkustofnun er kunnugt um að iðnaðarráðuneyti hefur gert samning við verkfræðistofur um framkvæmd á ráðgjafþjónustu við staðarval fyrir þjónustumiðstöð við olíuleit. Þar er gert ráð fyrir að verksali taki að sér að kanna hagkvæmni þess að á Norðaustulandi verði reist þjónustumiðstöð fyrir olíuleit og mögulega vinnslu síðar. Verkinu á að ljúka með greinargerð og samanburði valkosta ásamt kostnaðaráætlun fyrir uppbyggingu þjónustumiðstöðvar eigi síðar en 1. september 2008.

Orkustofnun telur eðlilegra að skoðaðar séu og bornar saman aðstæður til uppbyggingar þjónustumiðstöðvar í viðara samhengi, þ.e. á öllu því svæði sem kann að koma til greina, með hliðsjón af fyrirliggjandi áætlun um útboð á leitarleyfum, í stað þess að tiltaka og styðja einstök sveitarfélög til slíkrar könnunar. Stofnunin telur að best fari á því að upplýsingar um sem flesta möguleika liggi fyrir ef eða þegar til útboðs á leyfum kemur, enda muni væntanlegir leyfishafar taka ákvörðun um hvaða svæði þeir telji að henti sinni starfsemi best.

Virðingarfyllst


Elín Smáradóttir



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Hafnargötu 28 eh. * 710 Seyðisfirði * Sími 472 1690 * Fax 472 1691 * Netfang ssa@ssa.is * www.ssa.is

Seyðisfirði 7. maí. 2008

Alþingi

Erindi nr. P 135/2596

komudagur 8.5.2008

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni : Umbeðin umsögn 329. mál
Undirbúningur að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði
Vopnafjörður og Langanesbyggð

Umsögn
Mælt er með framgangi tillögunnar .

Svæðið á undir högg að sækja í atvinnulegu tilliti og íbúum þar hefur fækkað jafnt og þétt á sl. árum.

Verkefnið var kynnt sérstaklega í Norð-austurnefnd forsætisráðherra .

Fh. stjórnar SSA

Jón Jónsson
f. h. S.S.A.
Þorvaldur Jónannsson
Framkvæmdastjóri

Nefndasvið Alþings
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík

Reykjavík, 07. maí 2008

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði, þskj. 537 – 329. mál

Þingsályktunin gerir ráð fyrir að undirbúin verði könnun á starfrækslu þjónustumiðstöðvar sem gæti annast alla helstu þjónustu hérlendis við skip sem leita olíu á Drekasvæði. Í greinargerð kemur fram að tiltekin sveitarfélög á Norð-Austurlandi hafi ákveðið að stofna sameiginlegt fyrirtæki „sem á að kanna hvort innanverður Bakkafloi henti undir þjónustumiðstöð fyrir áformaða olíuleit....“ Gerðar verði botn-þrívíddar- og öldumælingar í Bakkafloa og einnig að samin verði þarfagreining á þeim þáttum sem þjónustumiðstöð af þessu tagi þarf að uppfylla.

Samtök iðnaðarins telja þessa frumvinnu jákvæða og geti svarað ýmsum grundvallarspurningum áður en frekari ákvarðanir verða teknar. Samtökin telja miklu skipta að í allri undirbúningsvinnu um hugsanlega uppbyggingu og rekstur slíkrar þjónustumiðstöðvar verði ávallt tekið mið af þeim leikreglum sem gilda hér og á EES-svæðinu og ætlað er að tryggja jafna stöðu fyrirtækja sem bjóða fram umrædda þjónustu. Ennfremur þarf að gæta þess að sveitarfélög hefji ekki atvinnurekstur á sviði sem einkaaðilar geta sinnt með góðu móti.

Að dómi SI gæti verið gagnlegt fyrir stjórnvöld að boða fyrirtæki á þessu sviði hér á landi til samráðs og hlýða á það sem þau hafa fram að færa við þessa undirbúningsvinnu. Þekking þeirra á þjónustuverkefnum af þessu tagi er mjög mikil og sum þeirra hafa góða reynslu af því að snúa saman bökum til þess að sinna viðamiklum viðgerðar- og viðhaldsverkefnum. Sú reynsla gæti verið gott vegarnesti til þess að komast að farsælli niðurstöðu í máli þessu.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Ingólfur Sverrisson

Forstöðumaður málm- og véltæknisviðs SI



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Eiríkur Áki Eggertsson
Við Austurvöll
105 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **Þ** 135/2559
komudagur 7.5.2008

Kópavogi, 06.05.2008

Tilv. 023

HJ

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði, 329. mál.

Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 17. apríl 2008, þar sem send er til umsagnar stofnunarinnar tillaga til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði, 329. mál.

Siglingastofnun Íslands fagnar framkominni tillögu um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði. Á vegum stofnunarinnar er að hefjast undirbúningur að rannsóknnum á öldufari á Finnafirði og Gunnólfsvík er tengjast hugsanlegri hafnargerð þar. Stofnunin lýsir sig reiðubúna til að koma ennfrekar að verkefninu ef þörf verður talin á.

Virðingarfyllst,
F.h. Siglingastofnunar Íslands,

Hermann Guðjónsson,
siglingamálastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 135/2642
komudagur 13.S. 2008



2008040079
9140

Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2008
/--

Efni: Umsögn Skipulagsstofnunar um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olfuleit á Drekasvæði, 329. mál.

Vísað er til erindis, dags. 17. apríl sl., þar sem þess er óskað að Skipulagsstofnun veiti umsögn sína um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olfuleit á Drekasvæði.

Skipulagsstofnun gerir engar athugasemdir.


Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2483
komudagur 5.5. 2008



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

© (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Alþingi - Iðnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2008
Tilvísun: UST20080400128/tb

Efni: Tillaga til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð vegna olíuleitar á Drekasvæði

Vísað er í bréf frá Iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 17. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð vegna olíuleitar á Drekasvæði, 329. mál.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við framangreinda þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst


Kristín Linda Árnadóttir
Forstjóri


Trausti Baldursson

Alþingi
Erindi nr. P 135/2460
komudagur 2.5.2008

Iðnaðarnefnd Alþingis
Eiríkur Áki Eggertsson, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 30. apríl 2008
Tilvísun: 2008040051/90.12
JR/BH
17. 04.2008.

Efni: Þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði.

Óskað hefur verið eftir umsögn Vegagerðarinnar um tillögu til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði, þskj. 537 - 329. mál.

Vegagerðin gerir engar athugasemdir við tillögu þessa en vekur athygli á að nauðsynlegt er að skoða vegtengingu að hugsanlegri höfn jafnhliða athugunum á staðsetningu hennar.

Virðingarfyllt,


Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri



Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. maí 2008.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæði.
(329. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu þar sem lagt er til að Alþingi álykti um stuðning ríkisstjórnarinnar við tiltekin sveitarfélag.

Að mati Viðskiptaráðs ætti ríkissjóður sem og sveitarfélög að halda að sér höndum í fjárútlátum vegna þess verðbólguástands sem nú ríkir. Fjárhagslegt aðhald hefur ekki verið í hávegum haft hjá hinu opinbera, en útgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga hafa nær haldist í hendur við þá tekjuaukning sem átt hefur sér stað undanfarin ár. Mikilvægt er að grunnstoðir hagkerfisins séu samstíga í aðgerðum sínum og að almenn starfsemi og sértækar aðgerðir hins opinbera stuðli að sem mestu efnahagslegu jafnvægi. Þannig þurfa fjármál hins opinbera að vinna kerfisbundið gegn sveiflum og styrkja sameiginlega ábyrgð Seðlabankans og stjórnvalda á verðbólguþrögnun.

Það væri ennfremur rétt að mati Viðskiptaráðs að kanna til hlítar áhuga einkaaðila á því að eiga og/eða reka umrætt fyrirtæki. Það liggur fyrir að verkefni af þessu tagi er fjármagnsfræk og engin ástæða til að láta hinn almenna skattborgara standa undir slíkum kostnaði ef einkaaðilar eru tilbúnir að taka hann á sig með von um viðunandi arð.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK
b.t iðnaðarnefndar

Reykjavík 30. apríl 2008


Tilvísun: 200804-01060.03.00

Varðandi: Umsögn um tillögu um þingsályktun um undirbúning að þjónustumiðstöð við olíuleit á Drekasvæðinu.

Vinnueftirlitið getur ekki haft skoðun á því hvar eða hvort reisa skuli þjónustumiðstöð vegna hugsanlegrar olíuleitar á Drekasvæðinu. Vinnueftirlitið vill þó leggja þunga áherslu á það að ef slík þjónustumiðstöð þróast í það að verða geymslustöð fyrir hættuleg efni, þar á meðal vetniskolefna (olíu og gas) þá verður við ákvörðun á staðsetningu og flutningsleiðum að vera tekið mið af stórslysahættu þannig að sem minnst hætta verði fyrir menn og umhverfi, sbr. 31. gr. reglugerðar nr. 160/2007 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna.

Virðingarfyllt
f.h. Vinnueftirlitsins


Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri


Björn Þ. Rögnvaldsson
lögfræðingur